
F U N D A R G E R Ð

Fundur: Raforkuhópur 2005-05
Fundartími: Þriðjudagur 7. júní 2005 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni: 1) Raforkuspá, lokauppkast.
2) Gögn fyrir iðnaðarráðuneyti.
3) Önnur mál.

Á fundinn mættu:
Raforkuhópurinn: Eymundur Sigurðsson
Ívar Þorsteinsson
Pétur E. Þórðarson
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson
Fjarverandi: Agnar Árnason
Gunnar Aðalsteinsson

- 1) Farið var yfir lokauppkast að nýrri raforkuspá sem fundarmenn höfðu fengið fyrir fundinn. JV sagði að það eina sem vantaði væri English summary og viðauka 4 um notkun eftir aðveitustöðvum. Farið var síðan sérstaklega yfir kafla 8 og 5 í spánni. Í kafla 8 koma fram breytingar frá síðustu spá og út frá þeim niðurstöðum töldu fundarmenn ekki þörf á að gera breytingar á spánni. PEP benti á að Bjarnaflag ætti ekki heima á mynd 2.10. Smávægilegar athugasemdir við orðalag komu einnig fram. Samþykkt var að ganga frá skýrslunni og ætlar ÍP að athuga með íslensku yfirllestur.
- 2) Rætt var um gögn sem iðnaðarráðuneytið þarf að fá varðandi raforkuskýrslu. Talað var um að það gæti fengið raforkuspána og metið hvað það vildi taka úr henni. ES sagði að kerfisáætlun og frammistöðumat Landsnets væri einnig tilbúið. ES ætlar að kanna hvort eitthvað frekara þarf að gera.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:20. Næsti fundur ákveðinn 6. september 2005.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:
Raforkuspá 2005-2030, lokauppkast.